

Opnunarmót kæna
18. maí 2019
Siglingafélagið Ýmir

TILKYNNING UM KEPPNI

1 REGLUR

1.1 Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í Alþjóða kappsiglingareglum 2017-2020, kappsiglingafyrirmælum SÍL og kappsiglingafyrirmælum mótsins.

2 AUGLÝSINGAR

2.1 Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt ISAF reglugerð 20 um auglýsingar.

2.2 Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa sýna á bátum eða búnaði.

3 HLOTGENGI OG ÞÁTTAKA

3.1 Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL. Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:

1. Optimist
2. Laser 4,7
3. Laser radial
4. Laser standard
5. Topper Topaz
6. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki.

4 ÞÁTTÖKUGJALD

Þáttökugjald á hvern keppanda er kr. 2500. Innifalið er grill eftir keppni.

Gjaldið hækkar í kr. 3000 ef skráning berst eftir kl. 21:00 þann 15. maí. Gjald greiðist inn á reikning: 536 - 26- 6634 Kt.: 470576-0659

Senda skal staðfestingu á greiðslu á keppni@siglingafelag.is

5 SKRÁNING

Skráning skal berast til keppnisstjórnar fyrir kl. 21:00 mánudaginn 13. maí með tölvupósti á keppni@siglingafelag.is

Taka þarf nafn keppanda, kennitölu, seglanúmer, bátstegund, félag sem keppt er fyrir og

símanúmer keppanda. Ef keppandi er undir 18 ára þarf nafn og símanúmer foreldris/ forráðamanns að fylgja með.

6 TÍMAÁÆTLUN

13. maí

Skráningafrestur rennur út 21:00

18. maí

Skipstjórafundur kl. 9:00

Viðvörðunarkerki fyrir fyrstu keppni kl. 10:25 Ekki verður ræst eftir kl. 15:00

Afhending verðlauna og grill fyrir þátttakendur verður að lokinni síðustu umferð.

7 KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI

Kappsiglingafyrirmælin verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á tilkynningartöflu á mótsstað.

8 KEPPNISSVÆÐI

Keppt verður á Skerjafirði og innfjörðum hans.

9 KEPPNISBRAUTIR

Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum

10 STIGAGJÖF

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóðakappsiglingafyrirmælum. Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

11 FJARSKIPTI

Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum.

Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.

Keppnisstjórn notar rás 6 til samskipta.

12 VERÐLAUN

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.

13 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4 í

Alþjóðakappsiglingafyrirmælum, ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda, líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við, fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

14 ÖRYGGIS- OG GÆSLUBÁTAR

Óskað er eftir því að siglingaklúbbar sem senda börn yngri en 18 ára leggi til að minnsta kosti einn öryggisbát. Öryggis- og gæslubátar skulu halda sig í hæfilegri fjarlægð frá keppendum á tilteknu svæði og mega ekki hafa samskipti við keppendur á meðan á keppni stendur nema í neyðartilvikum.

Tilkynnt verður á skipstjórafundum hvar öryggis- og gæslubátar eiga að vera meðan keppni stendur.

14 FREKARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar fást hjá keppnisstjórn, Aðalsteinn Jens Loftsson, í síma 693 2221 eða með tölvupósti á keppni@siglingafelag.is